

Ed.

505. Nefndarálit

[259. mál]

um frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við afgreiðslu málsins í neðri deild voru m. a. þær breytingar gerðar á frv. um skattkerfisbreytingu, að 5% söluskattsviðauki var felldur úr frv. og sömuleiðis 1½% launaskattur til ríkissjóðs. Hins vegar var samþykkt að hækka launaskatt, er rynni til Byggingarsjóðs ríkisins, úr 1% í 2%, og auk þess var tekið inn heimildarákvæði til handa ríkisstjórninni um 1500 millj. kr. niðurskurð á fjárlögum í samráði við fjárveitinganefnd.

Að öðru leyti en að ofan greinir leggjum við undirritaðir til, að á frv. verði gerðar þær breytingar, sem lagðar voru til af 1. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar, og visast til nefndarálits hans í því sambandi.

Alþingi, 15. mars 1974.

Halldór Blöndal,
frsm.

Geir Hallgrímsson.